

## **241. fundur háskólaráðs Háskólans á Akureyri þann 12. apríl 2006.**

Þorsteinn Gunnarsson setti fund kl. 12:45.

Mættir voru auk hans:

Anna Þóra Baldursdóttir fulltrúi kennara  
Ingibjörg Elíasdóttir fulltrúi kennara  
Kristján Sturluson fulltrúi nemenda  
Baldur Guðnason fulltrúi menntamálaráðherra

Aðrir mættir:

Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri  
Úlfar Hauksson forstöðumaður fjármála

Gestir: Geir Sigurðsson, Þórleifur Björnsson, Hermann Óskarsson, Erlendur Steinar  
Friðriksson, Guðmundur K. Óskarsson og Guðmundur H. Frímansson

Rektor setti fund og kynnti dagskrá.

### **1. Fundargerð 240. fundar**

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt að teknu tilliti til athugasemdar um orðalag í 5. lið fundargerðarinnar.

### **2. Stefnumótun fyrir Háskólann á Akureyri**

Fyrri hluta dags hafði háskólaráð fundað með stýrihópi um stefnumótun háskólans. Að loknum umræðum samþykkti háskólaráð verkáætlun um stefnumótun þar sem gert er ráð fyrir því að ný stefna Háskólans á Akureyri liggi fyrir í lok júní.

### **3. Rekstraryfirlit janúar–mars 2006**

Úlfar gerði grein fyrir rekstraryfirliti janúar – mars. Rekstrarkostnaður kennsludeilda og stoðþjónustu er um 239,9 m.kr. (24,6% af áætlun ársins) þar af 142,0 m.kr. vegna kennsludeilda. Á heildina litið er rekstrarkostnaður í samræmi við rekstraráætlun en hagræðingaraðgerðir, þ.m.t. sameining kennsludeilda, koma í auknu mæli fram á haustmisseri.

### **4. Starfsþjálfunar- og rannsóknaleyfi 2007**

Þórleifur Björnsson gerði grein fyrir umsóknum um starfsþjálfunar- og rannsóknaleyfi á árinu 2007. Borist höfðu 23 umsóknir um rannsóknaleyfi og fjórar um starfsþjálfunarleyfi. Fram kom að allar umsóknir eru faglega gildar að mati rannsóknaleyfanefndar og allir umsækjendur hafa að baki þann starfstíma sem tilskilinn er til að veita megi leyfi.

Rektor lagði fram áskorun frá félögum kennara og prófessora til háskólaráðs um að ráðið sjái til þess að allir sem senda inn gildar umsóknir fái leyfi samkvæmt reglum sem samþykktar voru í háskólaráði 12. desember 2005, og sama gildi um starfsþjálfunarleyfi samkvæmt reglum frá 16. júní 2000.

Rektor lagði til að veiting leyfa verði við það miðuð að árlega geti allt að sjötti hluti fastráðinna kennara fengið leyfi. Þetta þýðir að til rannsóknaleyfa verður varið 85 m.kr. á árinu 2007.

Tillagan var samþykkt með tveimur atkvæðum. Fulltrúar kennara og fulltrúi nemenda greiddu ekki atkvæði.

Fulltrúar kennara lögðu fram eftirfarandi bókun:

*Á tímum aukinnar samkeppni á háskólastigi er það mjög mikilvægt fyrir Háskólann á Akureyri að vera leiðandi og öflugur rannsóknarháskóli til þess að laða að efnilega nemendur og öflugt starfsfólk. Rannsóknarleyfi kennara eru mjög mikilvægur þáttur í því að efla og viðhalda rannsóknarstörfum kennara. Kennarar fá tækifæri til þess að auka við þekkingu sína og vinna að rannsóknum sem koma stofnuninni til góða, til dæmis með birtingum á fræðigreinum og fyrirlesturum. Það eru því hvort tveggja hagsmunir stofnunarinnar og kennara sem eru í húfi. Því tókum við undir áskorun Félags háskólakennara á Akureyri og Félags prófessora á Íslandi, dags. 7. apríl 2006 um það að allir sem sendu gildar umsóknir um rannsóknir fái slík leyfi. Sama er að segja um starfsþjálfunarleyfi annarra starfsmanna. Nú stendur yfir vinna vegna stefnumótunar til næstu ára og það er brýnt að þar verði mótuð ákveðin og metnaðarfull stefna um rannsóknar- og starfsþjálfunarleyfi.*

**5. Skipun vinnuhóps um tungumál**

Frestað.

**6. Nám í Austur-Asíufræðum – Asíuver**

Geir Sigurðsson gerði grein fyrir stofnun Asíuvers við Háskólann á Akureyri. Asíuverið er samstarfsvettvangur Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands. Asíuverið mun standa að fræðslufundum, sjá um tengsl við stofnanir auk þess að sjá um námskeið í Austur-Asíufræðum. Gert er ráð fyrir að námskeiðin verði í boði til almennings svo og háskólanemenda og verði þau kennd á vegum Símenntunar Háskólans á Akureyri. Jafnframt er gert ráð fyrir því að nýta megi námskeið frá norrænu Asíustofnuninni. Gert er ráð fyrir að Háskólinn á Akureyri og Háskóli Íslands standi sameiginlega að prófgráðu í Asíufræðum. Þegar hafa fengist styrkir til rekstrar Asíuversins, 1,5 m. kr. á ári, árin 2005-2007. Gert er ráð fyrir því að fjárhagur Asíuversins verði tryggður með sérstakri fjármögnun.

**7. Framboð náms á grunn- og leikskólabraut 2006-2007**

Guðmundur H. Frímansson deildarforseti kennaradeildar gerði grein fyrir erindi frá kennaradeild þar sem óskað er eftir staðfestingu háskólaráðs á breyttu námsframboði á grunn- og leikskólabraut. Breytingarnar eru skýrðar ítarlega í framlögðu erindi sem dagsett er 3. apríl 2006 og þar kemur fram að ekki er gert ráð fyrir að breytingarnar hafi í för með sér aukinn kostnað þegar á heildina er litið. Háskólaráð samþykkti erindið samhljóða.

**8. Innritun nemenda á framhaldsbraut kennaradeildar**

Guðmundur H. Frímansson deildarforseti kennaradeildar gerði grein fyrir umsóknum um diplóma- og meistaranám í kennaradeild. Þar kom fram að umsækjendur eru 35, þar af eru 13 sem sækja um endurinnritun og leggur deildin til að allir umsækjendur verði innritaðir. Kennaradeild telur þó æskilegt að fjölga umsækjendum um 10–20 til að nýta betur kennslu á sérsviðum og telur skynsamlegt að kynna sérstakan umsóknarfrest til 15. maí í þeim tilgangi. Háskólaráð samþykkti þessar tillögur kennaradeildar samhljóða.

**9. Fjöldatakmarkanir í heilbrigðisdeild**

Hermann Óskarsson deildarforseti heilbrigðisdeildar gerði grein fyrir ósk deildarinnar um takmörkun á fjölda þeirra sem hefja nám í iðjubjálfun og hjúkrunarfræði á vormisseri 2007. Ósk deildarinnar er að takmarka megi fjöldann við 18 nemendur í iðjubjálfun og 38 nemendur í hjúkrunarfræði. Nokkrar umræður urðu um aukna þörf fyrir hjúkrunarfræðinga. Háskólaráð samþykkti ofangreinda beiðni heilbrigðisdeildar um fjöldatakmarkanir og reglur um val nemenda en beinir þeim tilmælum til deildarinnar að farið verði yfir verklag og reglur um val deildarinnar á nemendum þar sem m.a. verði fjallað um erindi frá námsráðgjafa HA frá 6. febrúar 2006.

**10. WebCT**

Á fundinn komu Erlendur Steinar Friðriksson og Guðmundur K. Óskarsson og gerðu grein fyrir náms- og kennslukerfinu WebCT og þeim breytingum sem á því eru að verða um þessar mundir. Fram kom í umræðum um málið að Háskólinn hefuri ekki tekið formlega ákvörðun um að starfrækja náms- og kennslukerfi af þessu tagi, þó svo að WebCT hafi verið í ört vaxandi notkun í skólanum síðustu árin. Háskólaráð fagnar þeirri þróun sem hin nýja útgáfa af WebCT ber með sér og samþykkir að Háskólinn á Akureyri noti þessa nýju útgáfu sem náms- og kennslukerfi, sem þjóni nemendum, kennurum og starfsfólki skólans.

**11. Önnur mál**

Engin önnur mál voru á dagskrá undir þessum lið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 15,10